

Ársfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna 15.05.2018

Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson, formaður félagsins býður fundargesti velkomna og setur fundinn kl 20:34

1. Kosið um ritata og fundarstjóra. Stjórn stingur upp á Gunnari Eiríkssyni sem fundarstjóra og Guðríði Evu sem Ritara.
Það er samþykkt af öllum viðstöddum.
2. Reikningar félagsins lagðir fram.
Sigurður Haukur skýrir reikninga félgsins fyrir viðstöddum.

Umræðum um reikninginn:

Magnús spyr út í útistandandi reikninga. Sigurður útskýrir að þetta sé staðan um áramotin, eitthvað af þessu hafi skilað sér inn í dag en þarna séu gamlar kröfur sem illa hefur gengið að ná inn.

Sigmundur spyr um girðingarnar í Hruna og á Högnastöðum, eru þær nokkuð í eigu félagsins?

Siggi segir að eignin telji eingöngu girðingarnar sjálfar, en ekki landið. Svona hafi þetta staðið frá því að áður en hann tók við starfi gjaldkera.

Reikningurinn er borinn til samþykta og er hann samþykktur samhljóma.

3. Þorsteinn Gunnar les skýrsla Stjórnar fyrir síðasta stjórnarár.

Umræður um skýrslu stjórnar

Magnús Gunnlaugsson spyr hvar unghrossadagurinn var auglýstur. - Stjórn biðst afsökunar á því að dagurinn hafi eingöngu verið auglýstir á vefmiðlum en ekki hafi verið hengd upp auglýsing í búðinni eða sent heim dreifibréf. Úr því verður bætt næst.

Helgi Kjartans spyr hvort hægt sé að hafa svona á frídegi.

Reynt var að hafa þetta á laugardegi en það gekk ekki að fá dómara til þess að taka þetta að sér um helgar. Við erum bundin af því að halda þetta þegar kynbótadómari er tilbúinn að mæta á svæðið.

Berglilnd spyr hvort stefnt sé á að halda þetta hérna næst.

Það er ekki neitt ákveðið með það. Aðstaðan í Fellskoti er alveg til fyrirmyndar og henntar einstaklega vel fyrir svona samkomu. Þar var vel tekið á móti öllum og gekk dagurinn afskaplega vel.

4. Verðlaunaveiting hæðstu kynbótahrossa ársins 2017

Hæðst dæmi stóðhestur ársins 2017 er Mónitor frá Miðfelli með einkunina 8.48

Hæðst dæmda Hryssa ársins 2017 er Tign frá Jaðri með einkunina 8.66

Ræktunarbú Félagsins 2017 er Miðfell 5, Magnús Gunnlaugsson, með 211 stig

5. Bornar fram tillögur að breytingum á reglum er varða verðlaunaveitingu kynbótahrossa.

Guðríður byrjar á því að kynna breytingarnar, þar á eftir er hver grein borin upp fyrir sig þær ræddar af fundargestum. Nokkrar athugasemdir koma um stafsetningu og orðalag en annars eru allar greinar samþykktar.

Reglan í heild sinni er síðan samþykkt af fundargestum.

6. Stjórnarkjör: að venju er kosið um 1 mann til þriggja ára. 16 manns með kjörgengi eru mættir á fundinn.

Guðríður Eva hefur setið í eitt ár, Þorsteinn Gunanr í tvö ár en Sigurður Haukur í þrjú ár og hanns sæti því laust í stjórn. Sigurður bíður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu og svava Kristjánsdóttir bíður sig fram á móti honum.

Svava hýtur 10 atkvæði og aðrir færri.

Félagið er bara með einn endurskoðanda í dag, stungið er uppá Herði Úlfarssyni sem endurskoðanda með Jóni Hermannssyni. Hann hlýtur einróma samþykki.

7. Önnur mál

Steini Kynnir stóðhesinn sem verður á vegum félagsins sumarið 2018. Það er Sægrímur frá Bergi sem verður í einu löngu gangmáli.

Fundi slitið 21:40